



LANDSÁÆTLUN ÍSLANDS UM KONUR, FRÍÐ OG ÖRYGGI

2018-2022



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi 2018-2022	7
1 Fræðsla og málsvarastarf	9
2 Þátttaka	12
3 Fyrirbyggjandi starf, vernd, aðstoð og endurhæfing	14
4 Samstarf og samráð	17
Ábyrgð, eftirlit og mat á árangri	19

Útgefandi: Utanríkisráðuneytið, nóvember 2018

Ljósmyndir: Utanríkisráðuneytið | Landhelgisgæslan | Micky Kroell, OSCE

UN Photo, Ariana Lindquist | Kristinn Ingvarsson, ljósmyndari HÍ | Erik Luntang, Inspirit Photo

Hönnun og umbrot: J. Thorbergsson & Otilia M.

INNGANGUR

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi í fyrsta sinn sérstöðu kvenna á átakasvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar, með samþykkt ályktunar 1325 þann 30. október árið 2000. Eðli hugtakanna „friður“ og „öryggi“ hefur breyst úr því að eiga við um samfélög án vopnaðra átaka og ótta við ofbeldi, yfir í að mannréttindi allra séu virt og að lífsgæði séu ásættanleg.¹ Þá hefur ályktunum sem fjalla um konur, frið og öryggi einnig fjölgað til muna.



Helsta áhersluatriði ályktunarinnar var að framlag kvenna til friðaruppbyggingar og viðhalds friðar eftir átök væri mikilvægt og með tímanum hefur sá grundvallarskilningur styrkst að framlag þeirra sé ekki einungis mikilvægt fyrir þeirra eigið öryggi heldur fyrir öryggi alþjóðasamfélagsins í heild sinni.²

¹ Preventing Conflict, Transforming Justice, Securing the Peace: A Global Study on the Implementation of United Nations Security Council, Resolution 1325. UN Women (2015), bls. 24

² Angelic Young og Zsuzsanna Lippai (2017). Creating National Action Plans: A Guide to Implementing Resolution 1325. Inclusive Security, bls. 3

ÁLYKTANIR ÖRYGGISRÁÐSINS UM KONUR, FRÍÐ OG ÖRYGGI ERU NÚ ORÐNAR NÍU TALSINS. ÞEGAR VÍSAÐ ER TIL ÁLYKTUNAR 1325 Í ÁÆTLUNINNI SEM HÉR FER Á EFTIR ER JAFNFRAMT VERIÐ AÐ VÍSA TIL ÞEIRRA.

- ▶ **Ályktun nr. 1325/2000** öryggisráðið viðurkennir í fyrsta sinn sérstöðu kvenna á átakasvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar.
- ▶ **Ályktun nr. 1820/2008** tekur á kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum í vopnuðum átökum. Þá er lögð áhersla á að gerendur séu sóttir til saka.
- ▶ **Ályktun nr. 1888/2009** kveður á um að bundinn verði endir á allt kynferðisofbeldi gegn konum og börnum á átakasvæðum.
- ▶ **Ályktun nr. 1889/2009** hvetur aðildarríki, SP, framlagsríki og borgaraleg samtök til að tryggja kynjajafnrétti og hlutverk kvenna þegar kemur að friðar- og uppbyggingarstarfi.
- ▶ **Ályktun nr. 1960/2010** áréttar mikilvægi þess að efla beri aðgerðir gegn kynferðisofbeldi. Einnig er vakin athygli á nauðsyn þess að draga til ábyrgar þá aðila sem gerast sekir um slíka stríðsglæpi, nöfn þeirra verði opinberuð og að refsileysi verði ekki liðið.
- ▶ **Ályktun nr. 2106/2013** beinir sjónum að ábyrgð geranda kynferðisofbeldis í átökum og lögð er áhersla á mikilvægi þess að efla pólitíska og efnahagslega þátttöku kvenna.
- ▶ **Ályktun nr. 2122/2013** stefnir að því að styrkja stöðu kvenna á öllum stigum friðarferla og leggur áherslu á konur í leiðtogahlutverki.
- ▶ **Ályktun nr. 2242/2015** leggur áherslu á hlutverk kvenna í baráttunni við öfgafullar stefnur og hryðjuverk. Einnig er lagt til að öryggisráðið bæti vinnulag varðandi konur, frið og öryggi.
- ▶ **Ályktun nr. 2272/2016** fjallar um kynferðislega misnotkun og ofbeldi í friðargæsluaðgerðum.
- ▶ **Ályktun nr. 2331/2016** er sú fyrsta þar sem mansal er fordæmt og áhersla lögð á áhrif þess á átök og hvernig það ýtir undir óöryggi.³

³ Sjá skjöl Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi. Birt á heimasíðu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna: www.securitycouncilreport.org/un-documents/women-peace-and-security/

Árið 2004 kallaði Kofi Annan, þáverandi aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, eftir því að ríki gerðu áætlun um hvernig þau hygðust vinna að framgangi ályktunar 1325. Ísland var á meðal fyrstu ríkja til að bregðast við og setti sér slíka framkvæmdaáætlun árið 2008. Önnur áætlun Íslands leit dagsins ljós árið 2013. Ísland staðfesti og lögð enn fremur Samning um afnám alls misréttis gegn konum (CEDAW) árið 1985 og er því þjóðréttarlega skuldbundið til að framfylgja honum. Ályktun 1325 hnykkir enn fremur á mikilvægi þess að gæta þurfi sérstaklega að rétti kvenna á og frá átakasvæðum.

Árið 2009 höfðu aðeins 16 ríki gert landsáætlun um konur, frið og öryggi. Þá var það Ban Ki-moon, þá sitjandi aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sem kallaði eftir því að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna settu sér slíka áætlun á tíunda afmælisári ályktunarinnar árið eftir. Átta árum síðar hafa enn sem komið er einungis 74 aðildarríki, eða 34% allra aðildarríkja, sett sér slíka áætlun.

Hér á eftir fer þriðja aðgerðaáætlun Íslands um konur, frið og öryggi. Eins og fyrirhugað var hefur óháður aðili tekið út framkvæmd annarrar áætlunar Íslands sem gildi fyrir árin 2013-2016. Niðurstöður úttektarinnar hafa verið gerðar opinberar á vefsíðu stjórnarráðsins og ábendingar sem þar komu fram voru hafðar til hliðsjónar við gerð þeirrar þriðju sem kveður á um markmið íslenskra stjórnvalda og þær leiðir sem farnar verða til að ná þeim á árunum 2018 til 2022.

Meginábyrgð aðgerðaráætlunar Íslands er í höndum utanríkisráðuneytisins, sem samræmir stefnumið og aðgerðir í góðu samstarfi við alla aðila máls. Þá verður stýrihópi undir handleiðslu utanríkisráðuneytisins falin framfylgd áætlunarinnar.



DÆMI UM AÐGERÐIR ÍSLANDS 2013-2016 Á GRUNDEVILLI ANNARRAR ÁÆTLUNAR ÍSLANDS UM KONUR, FRÍÐ OG ÖRYGGI

- ▶ Íslenska friðargæslan mannaði stöður sérfræðinga í jafnréttismálum á vettvangi og jafnaði kynjahlutfall útsendra sérfræðinga.
- ▶ Árið 2016 hófst vinna í Mósambík við gerð landsáætlunar og studdi Ísland dyggilega við hana með fjármögnun á framkvæmdum á fyrsta starfsári hennar. Stuðningnum verður framhaldið til ársins 2020.
- ▶ Ísland lagði fé til stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynja-jafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women, í Palestínu, Afganistan og Bosníu-Hersegóvínu.
- ▶ Stutt var við mansalsverkefni Rauða kross Íslands í Hvíta-Rússlandi.
- ▶ Sýnileiki Íslands í málsvarastarfi á alþjóðavettvangi var nokkuð mikill og stöðugur.
- ▶ Stuðningur við alþjóðastofnanir sem vinna á átakasvæðum og veita þolendum ofbeldis vernd og aðstoð var töluverður á tímabili áætlunarinnar.
- ▶ Haldin voru tvö málþing opin almenningi um konur, frið og öryggi og þannig stuðlað að þekkingu á ályktun 1325 innanlands.



LANDSÁÆTLUN ÍSLANDS UM KONUR, FRIÐ OG ÖRYGGI 2018-2022

Ísland trónir á toppi lista yfir lönd í heiminum þar sem mest kynjajafnrétti ríkir.⁴ Jafnframt er Ísland meðal öruggustu landa heims.⁵ Í þessum tveimur staðreyndum felst það tækifæri að íslensk stjórnvöld verði í senn öflugur og trúverðugur málsvari þeirra skilaboða sem felast í ályktun 1325: að kynjajafnrétti haldist í hendur við stöðugleika og frið í alþjóðasamfélaginu.⁶

Í rannsókn frá árinu 2015 sem UN Women lét gera á aðgerðaáætlunum ríkja um konur, frið og öryggi kemur fram ákall um að sjónum ríkja verði beint inn á við, við gerð næstu landsáætlana. Meginástæða þess er að ekkert aðildarríki sé undan-skilið ábyrgðinni sem felst í innleiðingu ályktunarinnar, að ábyrgðin felist í að líta í eigin barm í stað þess að benda á hvað mætti betur fara annarsstaðar.⁷ Ísland bregst við því kalli með því að stórefla fræðslu um ályktunina og með samræmingu á aðgerðum innanlands sem hafa beint með öryggi kvenna á Íslandi og í alþjóðasamfélaginu að gera, svo sem aðgerðir í tengslum við mansal og kvenkyns flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd auk aðgerða gegn kynbundnu- og kynferðisofbeldi.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem tók til starfa síðla árs 2017 er lögð mikil áhersla á jafnréttismál. Það á einnig við um áætlun Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Þá er lagt til að áætlanir Íslands á sviði öryggis- og varnarmála og þróunarsamvinnu verði samræmdar þeirri sem hér fer á eftir og að aðgerðir vegna heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun taki einnig mið af þessari áætlun.

Í úttekt Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) á annarri landsáætlun Íslands kemur fram að framkvæmd hennar er almennt talin hafa tekist vel. Áætlunin er því byggð upp á sama hátt og síðasta áætlun, þ.e. fjórir meginþættir og fyrir hvern þeirra eru settar fram ákjósanleg útkoma og afurðir auk aðgerða sem ráðist verður í til að þær megi verða að veruleika. Til úrbóta, samkvæmt tillögum úttektaraðila, er í þessari áætlun bætt við frammistöðuvísi, markmiði og tíma-ramma hvernar aðgerðar auk ábyrgðaraðila hennar. Stýrihópur 1325 í utanríkisráðuneytinu fylgist með framgangi hvernar aðgerðar fyrir sig og skilar framvinduskýrslu á hverju ári áætlunarinnar sem birt verður á viðeigandi vettvangi. Alþingi verður árlega gerð grein fyrir stöðu mála.

4 *Global Gender Gap Report 2017*, World Economic Forum (2017). Athugasemd: *2017 á listanum eru 144 lönd.

5 *Global Peace Index 2017*. Institute for Economics & Peace (2017). Bls. 10.

6 Laurel Stone (2015). "Quantitative Analysis of Women's Participation in Peace Processes in Reimagining Peacemaking: Women's Roles in Peace Processes", viðauki II.

7 *Preventing Conflict, Transforming Justice, Securing the Peace: a Global Study on the Implementation of United Nations Security Council resolution 1325*, UN Women, 2015.

Lögð er aukin áhersla á eftirfylgni við þætti sem vel tókst til með en aðgerðum sleppt á þeim sviðum sem talið er að Ísland hafi fá tækifæri til þess að vinna að framgangi ályktunar 1325. Til að mynda hafa samræmingar, eftirlit og vöktun verið endurskoðuð, ramma um samstarf við borgarasamtök verður breytt, borin verða kennsl á lykilaðila sem starfa í málaflokkum sem tengjast konum, fríði og öryggi í íslenskri stjórnsýslu og viðeigandi stofnunum til að tryggja megi samræmi í fræðslu þeirra. Þá verður fræðslan eflað til muna til að gera Íslandi kleift að verða öflugur málsvári þeirra skilaboða sem felast í ályktun 1325.

Kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar fellur í meginatriðum á varnarmála- og þróunarsamvinnuskristofur utanríkisráðuneytisins. Meta verður hvort frekari fjármögnun er þörf þegar fræðsluáætlun liggur fyrir.

Hér á eftir verður fjallað nánar um fjóra meginþætti áætlunarinnar í eftirfarandi röð:

- 1) Fræðsla og málsvarastarf
- 2) Þátttaka
- 3) Fyrirbyggjandi starf, vernd, aðstoð og endurhæfing
- 4) Samstarf og samráð



1

FRÆÐSLA OG MÁLSVARASTARF

Grundvallaratriði við að vinna að framgangi ályktunar 1325 er að kunnátta sé til staðar hjá lykilaðilum á efni hennar og hvernig þau geti unnið að framgangi markmiða ályktunarinnar innanlands sem og á alþjóðavettvangi í sínum störfum.

Lykilaðilar sem starfa að málaflokkum sem tengjast konum, frið og öryggi í íslenski stjórnslu og viðeigandi stofnunum verða skilgreindir og útbúin verður sérsniðin fræðsluáætlun fyrir hvern hóp. Áætlunin hefur það að markmiði að auka þekkingu og skilning á ályktun 1325 og hvernig hver hópur lykilaðila geti unnið markvissar að framgangi ályktunarinnar í sínum störfum. Þá verður tryggt að allir lykilaðilar hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum, verkfærum og talpunktum um ályktunina. Starfslýsingar og samstarfsáætlanir á sviði alþjóða- og þróunar-samvinnu og öryggis- og varnarmála verða einnig yfirfarnar með það að markmiði að setja inn ákvæði um hvernig viðkomandi starfsmaður eða áætlun geti unnið að framgangi ályktunarinnar.

» **Útkoma:** Þekking í stjórnsýslunni á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi verði aukin og stuðlað að framkvæmd hennar og framgangi, innanlands og á alþjóðavettvangi.



- Afurð 1.1.** Starfsfólk í íslenskrri stjórnsýslu og viðeigandi stofnunum, sem vinnur að málaflokkum sem tengjast konum, friði og öryggi, hlýtur fræðslu um ályktun 1325.

AÐGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
1.1.1. Lykilaðilar sem vinna að málaflokkum sem tengjast konum, friði og öryggi í íslenskrri stjórnsýslu verði skilgreindir. Áhrifastöður á listanum verði jafnframt skilgreindar.	Ítarlegt yfirlit yfir alla sem vinna að málaflokkum sem tengjast konum, friði og öryggi í íslenskrri stjórnsýslu auk skilgreindra áhrifastaða.	Yfirlitið, ásamt skilgreindum áhrifastöðum, verði tilbúið í lok febrúar 2019.	UTN: Stýrihópur 1325.
1.1.2. Lykilaðilar fái fræðslu um konur, frið og öryggi. Fram fari greining á því hvernig lykilaðilar geti unnið að framgangi ályktunar öryggisráðs Sp nr. 1325 um konur, frið og öryggi í störfum sínum.	Hlutfall lykilaðila sem hlotið hafa fræðslu á tímabili áætlunarinnar.	Tímasett og sérsniðin fræðslu-áætlun fyrir hvern hóp lykilaðila verði tilbúin í lok febrúar 2019. Hlutfall lykilaðila sem hlotið hafa fræðslu í árslok 2020 verði 100%	UTN: Stýrihópur 1325.
1.1.3. Verkfærakista með upplýsingum til að vinna að framgangi ályktunar 1325 og talpunktum um konur, frið og öryggi verði útbúin. Aðgangur allra lykilaðila að verkfærakistunni verði tryggður.	Verkfærakista með upplýsingum til að vinna að framgangi ályktunarinnar og talpunktum um konur, frið og öryggi.	Verkfærakistan verði tilbúin til notkunar 1. janúar 2020.	UTN: Stýrihópur 1325.

- Afurð 1.2.** Starfsfólk utanríkisþjónustunnar, íslensku friðargæslunnar og aðilar sem starfa að mannúðaraðstoð á vegum íslenska ríkisins hljóti fræðslu um ályktun 1325 um konur, frið og öryggi.

AÐGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
1.2.1. Nýliðar í utanríkisþjónustunni fái fræðslu um konur, frið og öryggi.	Hlutfall nýliða sem fengið hafa fræðslu.	Hlutfallið verði 100% á hverju ári áætlunarinnar.	UTN: Mannauðsdeild í samstarfi við stýrihóp 1325.
1.2.2. Sendiherrar og útsendir starfsmenn fái fræðslu um konur, frið og öryggi, þekki efni verkfærakistunnar og eigi greiðan aðgang að henni.	Hlutfall sendiherra sem fengið hafa fræðslu.	Hlutfallið verði 100% fyrir árslok 2020.	UTN: Mannauðsdeild í samstarfi við stýrihóp 1325.
1.2.3. Útsendir sérfræðingar á vegum ÍF og útsendir sérfræðingar til mannúðarstarfa fái fræðslu um konur, frið og öryggi.	Hlutfall útsendra sérfræðinga sem fengið hafa fræðslu.	Hlutfallið verði 100% á hverju ári áætlunarinnar.	UTN: Varnarmála- og þróunarsamvinnuskrifstofur í samstarfi við stýrihóp 1325.

Afurð 1.3. Starfslýsingar og samstarfsáætlanir Íslands á tímabili áætlunarinnar innihaldi upplýsingar um hvernig vinna megi markvisst að framgangi ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi. Hugað verði að því hvort taka megi tillit til ályktunarinnar í formennskuáætlunum Íslands á tímabili áætlunarinnar

ÁÐGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
1.3.1. Sérstaklega verði unnið að framgangi ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi í aðgerða- og samstarfsáætlunum Íslands í þróunarsamvinnu á sviði mannúðarmála.	Hlutfall aðgerða- og samstarfsáætlana í þróunarsamvinnu á sviði mannúðarmála sem gerðar eru á tímabili áætlunarinnar þar sem tekið er fram hvernig unnið verði að framgangi ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi.	Hlutfallið verði sem næst 100% við lok tímabils áætlunarinnar.	UTN: Þróunar-samvinnuskrifstofa.
1.3.2. Sérstaklega verði tekið fram hvernig hugað verði að konum, friði og öryggi í aðgerða- og samstarfsáætlunum Íslands í öryggis- og varnarmálum.	Hlutfall aðgerða- og samstarfsáætlana í öryggis- og varnarmálum sem gerðar eru á tímabili áætlunarinnar þar sem tekið er fram hvernig hugað verði að konum, friði og öryggi.	Hlutfallið verði 100% við lok tímabils áætlunarinnar.	UTN: Varnarmálaskrifstofa.
1.3.3. Sérstaklega verði hugað að því hvort taka megi tillit til ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi í formennskuáætlunum Íslands á tímabili áætlunarinnar.	Hlutfall formennskuáætlana þar sem kannað var hvort taka mætti tillit til markmiða ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi.	Hlutfallið verði 100% við lok tímabils áætlunarinnar.	UTN: Formennskuteymi í samstarfi við stýrihóp 1325.

Afurð 1.4. Sýnileiki Íslands í málsvarastarfi sem snýr að ályktun 1325 er mikill og málsvarastarfið öflugt.

ÁÐGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
1.4.1. Fastanefndir Íslands gagnvart SP, Atlantshafsbandalaginu og ÖSE geri árlega áætlun um hvernig megi vinna að framgangi ályktunar 1325.	Áætlun fastanefndar sem skilað er til stýrihóps 1325.	Fastanefndir skili áætlun til stýrihóps í upphafi hvers árs og geri grein fyrir vinnu sinni í lok árs.	UTN: Fastanefndir hjá SP, Atlantshafsbandalaginu og ÖSE.
1.4.2. Rakarastofuviðburðir innihaldi sérstök fræðsluerindi/vinnustofur tengdar konum, friði og öryggi.	Fjöldi fræðsluerinda/vinnustofa um mikilvægi kynjajafnréttis fyrir frið.	Að minnsta kosti eitt fræðsluerindi/vinnustofa um mikilvægi kynjajafnréttis fyrir frið á rakarastofuviðburði á hverju ári áætlunarinnar.	UTN: Sendiherra jafnréttismála.
1.4.3. Haldið verði málþing fyrir almenning með þátttöku erlendra sérfræðinga og kvenna frá áttaksvæðum um konur, frið og öryggi á 20 ára afmæli ályktunarinnar árið 2020.	Fjöldi málþinga og umfang.	Eitt málþing verði haldið á afmælisári ályktunarinnar, 2020. Erlendir sérfræðingar og konur frá áttaksvæðum verði að minnsta kosti helmingur frummælenda.	UTN: Stýrihópur 1325.

2 ÞÁTTTAKA

Nýjustu rannsóknir og úttektir á landsáætlunum um konur, frið og öryggi gefa skýrt til kynna að konur gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að friðarviðræðum, uppbyggingu samfélaga að átökum loknum og því að koma á varanlegum friði.⁸ Íslensk stjórnvöld hafa verið málsvarar þess að konur, til jafns á við karla, taki þátt í friðaruppbyggingu og eigi fulltrúa í formlegum og óformlegum friðarumleitunum, friðarsamningum og friðaruppbyggingu auk annarra sviða sem hafa með öryggis- og varnarmál að gera.

Áfram verður unnið að því að auka þátttöku kvenna og áhrif þeirra á öllum stigum í friðar- og uppbyggingarstarfi, auk þess sem stefnt verður að því að auka hlut þeirra í málefnum tengdum vörnum landsins. Til að vinna að þessu markmiði verður kynjahlutfallið á lista yfir lykilaðila, auk kynjahlutfalls lykilaðila í áhrifastöðum, tekið út á hverju ári áætlunarinnar. Þá verður unnið markvisst að því að Ísland hafi áhrif á stefnumótun hvað varðar konur, frið og öryggi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og ÖSE og framkvæmd verkefna á vettvangi í aðgerðum sem Ísland styður, með því að manna stöður sérfræðinga í málefnum kvenna, friðar og öryggis. Auk þess er lagt til að Ísland vinni að því að konur frá áttaksvæðum taki þátt í fundum er varða öryggismál og friðaruppbyggingu, hér á landi sem og á vettvangi alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að.

» **Útkoma:** Markviss valdefling kvenna til að tryggja þátttöku þeirra til jafns á við karla, að þær taki virkan þátt í framkvæmd og ákvarðanatöku um friðaraðgerðir, friðarferli, uppbyggingu samfélaga eftir að átökum lýkur og til að fyrirbyggja átök.



⁸ Jeni Klugman (2017). *Women, Peace and Security Index 2017/18: Tracking Sustainable Peace through Inclusion, Justice, and Security for Women*. Georgetown Institute for Women, Peace and Security and Peace Research

Afurð 2.1. Aukin þátttaka kvenna og áhrif í friðar- og uppbyggingarstarfi á Íslandi og alþjóðavísu.

ADGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
2.1.1. Íslenska friðargæslan manni stöður sérfræðinga í jafnréttismálum innan Atlantshafsbandalagsins.	Fjöldi útsendra sérfræðinga í jafnréttismálum til Atlantshafsbandalagsins.	Tvær stöður séu mannaðar á hverjum tíma á tímabili áætlunarinnar, annars vegar í höfuðstöðvum og hins vegar á vettvangi.	UTN: Varnarmálaskrifstofa.
2.1.2. Útsendir sérfræðingar til mannúðarstarfa manni stöður sérfræðinga í jafnréttismálum innan alþjóðastofnana sem starfa að mannúðarmálum.	Fjöldi útsendra sérfræðinga í jafnréttismálum.	Tvær stöður séu mannaðar á hverjum tíma á tímabili áætlunarinnar.	UTN: Þróunarsamvinnuskrifstofa.
2.1.3. Kynjahlutfall útsendra sérfræðinga ÍF og í mannúðarstörfum verði jafnað.	Kynjahlutfall útsendra sérfræðinga hjá ÍF annars vegar og í mannúðarstörfum hins vegar.	Kynjahlutfallið verði á bilinu 60/40 hjá ÍF annars vegar og í mannúðarstörfum hins vegar.	UTN: Varnarmálaskrifstofa og þróunarsamvinnuskrifstofa.
2.1.4. Gerð verði úttekt á kynjahlutfalli lykilaðila, auk kynjahlutfalls lykilaðila í áhrifastöðum (sbr. aðgerð 1.1.1.) og niðurstöðurnar birtar í framvinduuskýrslu á hverju ári áætlunarinnar.	Upplýsingar um kynjahlutfall á lista yfir lykilaðila með skilgreindum áhrifastöðum. í framvinduuskýrslum	Að kynjahlutfallsins sé getið í framvinduuskýrslum á hverju ári áætlunarinnar.	UTN: Stýrihópur 1325.

Afurð 2.2. Stuðningur og fræðsla til kvenna frá átakasvæðum sem nýtist í friðarferlum og uppbyggingarstarfi á alþjóðavettvangi.

ADGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
2.2.1. Jafnréttisskóli HSP taki að lágmarki inn 4 konur frá átakasvæðum eða fyrrum átakasvæðum á hverju ári sem vinna að málefnum kvenna, friðar og öryggis.	Fjöldi kvenna frá átakasvæðum í námi hjá Jafnréttisskóla HSP í hverjum nemendahópi.	Fjöldinn verði minnst 4 konur í hverjum nemendahópi.	Jafnréttisskóli HSP skv. samstarfs-samningi við UTN: Þróunarsamvinnuskrifstofa.
2.2.2. Ísland verði virkur þátttakandi í tengslanetinu Nordic Women Mediators.	Hlutfall viðburða sem Ísland tekur þátt í.	Að minnsta kosti 80% viðburða á vegum tengslanetsins verði sóttir á tímabili áætlunarinnar.	UTN: Alþjóða- og öryggisskrifstofa.

3 FYRIRBYGGJANDI STARF, VERND, AÐSTOÐ OG ENDURHÆFING

Virk þátttaka kvenna í friðarumleitunum og uppbyggingu samfélaga eftir átök er nauðsynleg til að stuðla að varanlegum friði en á sama tíma þurfa konur sem fórnarlömb ofbeldis að njóta verndar, aðstoðar og endurhæfingar. Áhrif átaka eru mismunandi fyrir konur og karla. Konur verða oftar fórnarlömb kynferðisofbeldis en karlar og er því sérstaklega kallað eftir vernd kvenna og stúlkna í átökum og eftir að átökum lýkur í ályktun 1325.

Stutt verður við verkefni í þróunarsamvinnu sem vinna að framgangi ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi. Tekið er undir loforð Íslands á World Humanitarian Summit um að beina stuðningi sérstaklega til kvenna og stúlkna. Einnig verður hugað að aðgangi kvenna og stúlkna frá átakasvæðum sem komnar eru til Íslands að úrræðum sem þeim standa til boða hérlandis til endurhæfingar vegna kynferðis- og/eða kynbundins ofbeldis. Þá er það einnig markmið áætlunarinnar að fylgjast með innleiðingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi, hins svokallaða Istanbúlsamnings, og skila upplýsingum um innleiðingu hans í framvinduskýrslu áætlunarinnar ár hvert. Með sama hætti er stefnt að eftirliti með aðgerðaáætlun Íslands um aðgerðir gegn mansali.

» **Útkoma:** Stutt verður við verkefni í þróunarsamvinnu á sviði mannúðarmála sem vinna að framgangi ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi. Þess verður gætt að þörfum kvenna og stúlkna frá átakasvæðum verði mætt í öllu mannúðar- og uppbyggingarstarfi, annars vegar á átakasvæðum og hins vegar á Íslandi.



Afurð 3.1. Aukinn stuðningur Íslands við friðar- og uppbyggingarstarf í þágu öryggis, verndar, aðstoðar og endurhæfingar kvenna og stúlkna á áttakasvæðum.

ADGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
3.1.1. Stuðningur við verkefni UN Women og UNICEF á áttakasvæðum.	Markmið verkefnanna sem tilgreind eru í verkefnaskjölum.	Að verkefnum miði áfram samkvæmt verkefnislýsingu og markmiðum þeirra verði náð.	UTN: Þróunar-samvinnuskrifstofa.
3.1.2. Framlög Íslands til manúðaraðstoðar (utan kjarnaframlaga til fjölþjóðastofnana og borgarasamtaka) sem ætlað er að ná til samfélaga í heild sinni taki mið af þörfum kvenna og stúlkna til jafns á við þarfir karla og drengja. ⁹	Hlutfall framlaga til manúðarverkefna (utan kjarnaframlaga til fjölþjóðastofnana og borgarasamtaka) sem fjármögnuð eru af íslenskum stjórnvöldum.	Hlutfallið verði 100% við árslok 2019.	UTN: Þróunar-samvinnuskrifstofa.
3.1.3. Stuðningi Íslands við verkefnið “Promoting Women and Girls’ Effective Participation in Peace, Security and Recovery in Mozambique” verði fram haldið.	Hlutfall kvenna sem hafa aðgang að öruggri þjónustu vegna kynbundins- og kynferðisofbeldis. Hlutfall kvenna sem taka þátt í friðarviðræðum.	Aukið öryggi og vernd mannréttinda og aukin þjónusta við fórnarlömb ofbeldis, kvenna og stúlkna, í Mozambique á svæðinu. Aukin þátttaka kvenna í friðaruppbyggingu eins og fram kemur í markmiðslýsingu verkefnisins.	UTN: Þróunar-samvinnuskrifstofa.

⁹ Sjá síðu Agenda For Humanity fyrir aðildarríkið Ísland sótt á slóðina: www.agendaforhumanity.org/stakeholders/commitments/188

Afurð 3.2. Aukinn stuðningur Íslands við friðar- og uppbyggingarstarf í þágu öryggis, verndar, aðstoðar og endurhæfingar kvenna og stúlkna á Íslandi.

ADGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
3.2.1. Flóttakonum verði kynnt sérstaklega þau úrræði sem eru í boði hérlendis til aðstoðar og endurhæfingar vegna kynferðis- og/eða kynbundins ofbeldis.	Hlutfall flóttakvenna sem hafa fengið kynningu á viðkomandi úrræðum hjá Vinnumálastofnun.	Hlutfallið verði 100% á hverju ári áætlunarinnar.	VEL: í samstarfi við Vinnumálastofnun.
3.2.2. Konum sem fengið hafa stöðu flóttamanns eftir umsókn um alþjóðlega vernd verði afhent kynningarefni frá velferðarráðuneytinu um þau úrræði sem eru í boði hérlendis til aðstoðar og endurhæfingar vegna kynferðis- og/eða kynbundins ofbeldis.	Hlutfall flóttakvenna sem hafa fengið afhentar upplýsingar um viðkomandi úrræði hjá Útlendingastofnun.	Hlutfallið verði 100% á hverju ári áætlunarinnar.	DMR: í samstarfi við Útlendingastofnun.
3.2.3. Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn) sem fullgiltur var hérlendis á árinu 2018 verði framfylgt með markvissum hætti á Íslandi.	Fullgilding samningsins og árlegar framvinduskýrslur stýrihóps 1325.	Stýrihópur 1325 afli upplýsinga um framfylgni hans fyrir framvinduskýrslu á hverju ári áætlunarinnar.	VEL og DMR
3.2.4. Fylgst verði með því að Áætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali verði framfylgt með markvissum hætti.	Fullgerð áætlun og árlegar framvinduskýrslur stýrihóps 1325.	Stýrihópur 1325 afli upplýsinga um framfylgni áætlunarinnar fyrir framvinduskýrslu á hverju ári þessarar áætlunar.	DMR

4

SAMSTARF OG SAMRÁÐ

Rík áhersla er lögð á samráð og samstarf við þá sem starfa að framgangi ályktunar 1325 innanlands sem utan. Mikilvægt er að samstarfið verði eftir til muna innanlands, ályktun 1325 verði kynnt lykilaðilum og áætlanir innan stjórnáætlunnar sem snúa að konum, friði og öryggi verði samræmdar.

Samráðshópur borgarasamtaka verður virkjaður og kallað eftir fleiri hugmyndum frá þeim um innanlandsáherslur til framtíðar sem tekið verður tillit til í endurmati á áætluninni um miðbik tímabilsins. Árleg framvinduskýrsla verður gerð af stýrihópi 1325 og kynnt á vefsíðu stjórnarráðsins. Þá hefur stýrihópurinn einnig það hlutverk með höndum að skila af sér fullbúinni áætlun fyrir næstu fjögur ár eftir að tímabili þessarar áætlunar lýkur. Einnig verður hugað að samstarfi um ályktun 1325 við önnur ríki, einkum næstu nággranna okkar á Norðurlöndunum sem og samstarfsríki Atlantshafsbandalagsins.

» **Útkoma:** Eftir samstarf um ályktun 1325 um konur, frið og öryggi og aukið samráð við hagsmunaaðila sem skilar sér í samræmdum skilaboðum Íslands um mikilvægi kynjajafnréttis fyrir frið og stöðugleika í alþjóðasamfélaginu.



Afurð 4.1. Aukin þekking á ályktun 1325 um konur, frið og öryggi, samráð við hagsmunaaðila og efling samstarfs um ályktunina innanlands.

AÐGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
4.1.1. Samráðshópur borgara-samtaka virkjaður.	Fjöldi funda samráðshóps.	Hópurinn hittist tvisvar á hverju ári áætlunarinnar. Fyrsti fundur fari fram haustið 2018.	UTN: Stýrihópur 1325.
4.1.2. Stýrihópur 1325 hafi það hlutverk að gera árlega framvinduskýrslu sem verður birt auk þess að kalla eftir því að endurmat verði gert á áætluninni á miðju tímabili og skila nýrri áætlun fyrir tímabilið 2024-2027.	Framvinduskýrslur, endurmat og ný áætlun.	Framvinduskýrslum verði skilað í desember á hverju ári áætlunarinnar. Endurmat verði gert fyrir árslok 2020. Ný áætlun verði fullbúin í janúar 2024.	UTN: Stýrihópur 1325.

Afurð 4.2. Aukin samvinna og samstarf við önnur ríki og stofnanir um ályktun 1325 um konur, frið og öryggi.

AÐGERÐ	FRAMMISTÖÐUVÍSIR	MARKMIÐ	ÁBYRGÐ
4.2.1. Samstarf við Norðurlöndin á sviði kvenna, friðar og öryggis verði eft í gegnum tengslanetið Nordic Cooperation on Women, Peace and Security.	Fjöldi funda.	Sóttir verði árlegir fundir á vegum tengslanetsins. Ísland haldi fundi í samráði við Norðurlönd.	UTN: Stýrihópur 1325.
4.2.2. Samstarf við Nordic Center for Gender in Military Operations (NCGM) verði eft með tilnefningu tveggja tengiliða sem sækja fundi hjá stofnuninni.	Tilnefndir tengiliðir og fundarsókn.	Ísland tilnefni tvo tengiliði við stofnunina fyrir árslok 2018. Tengiliðir sækji reglulega símafundu og aðalfund í Stokkhólmi á hverju ári áætlunarinnar.	UTN: Varnarmálaskrifstofa.
4.2.3. Íslenska friðargæslan ráðstafi fé til verkefna og rannsókna á sviði kvenna, friðar og öryggis.	Framlag Íslands.	Framlagið verði að lágmarki 6,5 milljónir króna ári.	UTN: Varnarmálaskrifstofa í samvinnu við þróunarsamvinnu-skrifstofu og alþjóða- og öryggisskrifstofu.

ÁBYRGÐ, EFTIRLIT OG MAT Á ÁRANGRI

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 er stefnuskjal íslenskra stjórnvalda um konur, frið og öryggi, og ber þeim sem starfa að friðar- og öryggismálum á vegum Íslands skylda til að framfylgja áætluninni. Gildistími áætlunarinnar eru fjögur ár og gildir hún frá 2018 til 2022.

Stýrihópur 1325 hefur það hlutverk að kalla eftir efni frá ábyrgðaraðilum einstakra aðgerða og skrifa framvinduskýrslur eftir stöðluðu formi um innleiðingu áætlunarinnar sem birtar verða á vefsíðu stjórnarráðsins, í lok hvers árs áætlunarinnar. Samantekt skýrslunnar verði sett inn í skýrslu ráðherra um utanríkis- og alþjóðamál til alþingis ár hvert.

Þá hefur stýrihópurinn einnig það hlutverk að kalla eftir endurmati á áætluninni af utanaðkomandi aðila, í samstarfi við

samráðshóp borgarasamtaka, á miðju tímabili áætlunarinnar. Þá skal lagt mat á hvort markmið og tímamörk afurða og aðgerða eigi enn við og hvort breytinga sé þörf.

Gert verður mat á árangri áætlunarinnar við lok hennar og ný áætlun smíðuð eftir ábendingum matsaðila um það sem betur mátti fara. Áætlað er að stýrihópur 1325, sem hefur innleiðingu þessarar áætlunar með höndum, skili af sér nýrri áætlun eigi síðar en við janúarlök 2022.





ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarástigur 25, 150 Reykjavík | sími 545 9900 | mfa.is